

Frá ritstjórum

Árið 2004 kom út safnritið *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* í ritstjórn Þóroddar Bjarnasonar og Helga Gunnlaugssonar. Sérheftinu sem hér er fylgt úr hlaði er ætlað að vera hluti þess verkefnis að kortleggja stöðu og þróun félagsfræðinnar. Hér er að finna yfirlitsgreinar um sex af þeim átta sviðum sem fjallað var um í bókinni um íslenska félagsfræði árið 2004, en á næsta ári er stefnt að því að gefa út annað sérhefti með yfirlitsgreinum um þau tvö svið sem eftir standa úr bókinni og sambærilegum yfirlitsgreinum um önnur svið sem hafa verið í örum vexti á síðustu árum.

Greinarnar í þessu sérhefti eru hver með sínu móti sjálfstætt framhald þeirra greina sem birtust í bókinni um íslenska félagsfræði árið 2004. Á sumum þessara sviða hefur verið mikil rannsóknvirkni síðustu 13 árin og fjalla þessar greinar að stórum hluta um þessar nýju rannsóknir og samfellu og breytingar á tímabilinu. Á öðrum sviðum hefur rannsóknvirknin verið minni og flétta höfundar yfirlitsgreinanna nýrri og eldri verkum saman í samfellda umfjöllun um stöðu og þróun viðkomandi sviða. Jafnframt er mjög misjafnt hversu áberandi þessi svið eru í fyrstu átta árgöngum Íslenska þjóðfélagsins.

Þóroddur Bjarnason
Helgi Gunnlaugsson
